

Húnaþing vestra
Hvammstangabraut 5
530 Hvammstangi

Reykjavík 24. maí 2019
UST201809-324/F.T.
08.14.02

Efni: Urðunarstaður Húnaþings vestra, Syðri-Kárastaðir – Áætlun um úrbætur samþykkt með athugasemnum

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 5. október 2018 þar sem úrbótaáætlun Húnaþings vestra var samþykkt með athugasemnum. Þann 25. október 2018 barst uppfærð úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávakin eru eftirfarandi:

1. **Gr. 1.4 í fyrirmælum um frágang og vöktun.** Við eftirlit fundust bein í yfirborðslagi urðunarstaðarins. Skv. gr. 1.4 í fyrirmælum um frágang og vöktun gerir Umhverfisstofnun kröfu um að almenn hreinsun úrgangs sem kann að vera á yfirborði urðunarstaðarins fari fram um leið og þykkt þekjulags var könnuð. Í uppfærðri úrbótaáætlun rekstraraðila var gert grein fyrir því hvernig frágangur svæðisins hefði verið bættur. Þekjulag var kannað með könnunarholum, en mokaðar voru 90-120 cm djúpar holur. Niðurstaða athugunarinnar var að þekjulagið væri nægjanlegt. Yfirborðslag var einnig hreinsað. Umhverfisstofnun fellst á framangreint og telst fráviku lokið.
2. **Gr. 1.8 í fyrirmælum um frágang og vöktun.** Niðurstöðum vöktunar grunnvatns hefur ekki verið skilað inn fyrir árin 2015, 2016 og 2017. Skv. gr. 1.8 í fyrirmælum um frágang og vöktun skal rekstraraðili skila inn mælingum fyrir stöðu grunnvatns fyrir 1. maí og 1. okt ár hvert. Einnig skal rekstraraðili skila inn mælingum á samsetningu grunnvatns fyrir 1. okt ár hvert. **Niðurstöðum vöktunar grunnvatns hefur verið skilað.**
3. **Gr. 1.8 í fyrirmælum um frágang og vöktun.** Niðurstöðum vöktunar yfirborðsvatns var ekki skilað inn árið 2017. Skv. gr. 1.8 í fyrirmælum um frágang og vöktun skal rekstraraðili skila inn skráningum vegna magns og samsetningar yfirborðsvatns fyrir 1. okt ár hvert. **Niðurstöðum vöktunar yfirborðsvatns hefur verið skilað.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en gerir athugasemdir við niðurstöður vöktunar grunnvatns og yfirborðsvatns. Í skyrsluna vantar veðurmælingar, niðurstöður mælinga á yfirborðsvatni og niðurstöður mælinga á uppgufun. Stofnunin hyggst funda með Sambandi íslenskra sveitarfélaga á næstunni, þar sem meðal annars verða veittar leiðbeiningar um mælingar á uppgufun hvað varðar aflagða urðunarstaði. Hvað hinar athugasemdirnar varðar, fer stofnunin fram á að næsta skýrsla verði í samræmi við fyrirmæli um frágang og vöktun.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. Gjaldið er **92.400 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst



Skúli Þórðarson
sviðsstjóri



Frigg Thorslaci
Frigg Thorslaci
lögfræðingur

Afrit í tölvupósti: Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra